

Ályktanir aðalfundar Skógræktarfélag Íslands 2015

1. Tillaga

Þjóðlendar til skógræktar

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands, haldinn á Akureyri 14. – 16. ágúst 2015, beinir þeim tilmælum til forsætisráðuneytis að gerður verði samstarfssamningur um skógrækt og landgræðslu innan svæða þjóðlenda á landinu þannig að þjóðlendurnar geti nýst skógræktarfélagunum til landgræðslu og skógræktar.

Fundurinn telur að innan marka þjóðlenda sem vistaðar eru í forsætisráðuneyti séu landspildur sem ákjósanlegar eru til skógræktar.

2. Tillaga

Fornminjar í skógum

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands, haldinn á Akureyri 14. – 16. ágúst 2015, beinir þeim tilmælum til aðildarféлага Skógræktarfélag Íslands að ef minjar leynast í eldri skógum skógræktarfélaganna verði gerðar viðeigandi ráðstafanir til varðveislu og merkingar þeirra. Minjar í skógum auka á útivistargildi skóganna.

Við gróðursetningar í nýskógrækt er gert ráð fyrir að vernda minjar og planta ekki of nærri þeim sbr. Skógrækt í sátt við umhverfið.

3. Tillaga

Samþykktir fyrri aðalfunda

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands, haldinn á Akureyri 14. – 16. ágúst 2015, beinir því til stjórnar Skógræktarfélag Íslands að við móttöku nýrrar stefnu félagsins verði þær samþykktir aðalfunda, sem gerðar hafa verið á undanförunum árum, teknar til skoðunar og árangur þeirra metinn.

4. Tillaga

Skjólaskógar við Hafnarfjall

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands, haldinn á Akureyri dagana 14. – 16. ágúst 2015, hvetur til þess að unnið verði að nýju stórátaki við gerð skjólaskóga undir Hafnarfjalli og jafnvel víðar á leiðinni Reykjavík-Borgarfjörður, til að tryggja betur umferðaröryggi.

Greinargerð

Tillaga þessi er gerð á grundvelli ályktunar aðalfundar Skógræktarfélag Borgarfjarðar þann 14. apríl 2015:

Aðalfundur Skógræktarfélag Borgarfjarðar haldinn í hátíðarsal gamla héraðsskólans í Reykholti, þriðjudaginn 14. apríl 2015 samþykkir að beina því til stjórnar félagsins að vinna að nýju stórátaki við gerð skjólaskóga undir Hafnarfjalli og jafnvel víðar á leiðinni Reykjavík-Borgarfjörður. Á liðnum vetri hefur oftsinnis komið til þess að ófært hefur verið ökutækjum á þessari leið vegna vinda - og orðið knýjandi að leita leiða til meira umferðaröryggis. Fyrir allmörgum árum var hafist handa um gerð skjólbelta á hluta leiðarinnar en á undanförunum misserum hefur ekki verið bætt við þau belti né beitt öðrum aðferðum skógræktar svo um muni til meira skjóls. Felur fundurinn stjórninni að leita eftir samráði við hagsmunaaðila um verkefnið til að hrinda áttakinu í framkvæmd.

5. Tillaga

Að breyta heiminum: Áætlun um sjálfbæra þróun 2030

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands, haldinn á Akureyri, 14. – 16. ágúst 2015, lýsir ánægju sinni með metnaðarfullt samkomulag Sameinuðu þjóðanna sem nýlega var kynnt. Samkomulaginu er ætlað að tryggja sjálfbæra þróun og útrýma fátækt á jörðinni til frambúðar ekki síðar en árið 2030. Samkomulagið ber yfirskriftina „Að breyta heiminum: Áætlun um sjálfbæra þróun 2030“.

Fundurinn lýsir sérstakri ánægju með markmið samkomulagsins er lýtur að verndun skóga, efldri nýgræðslu skóga og stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar, en það er markmið nr. 15 sem hljóðar svo: „Vernda og endurhæfa vistkerfi og hvetja til sjálfbærrar nýtingar á landvistkerfum, nýta skóga með sjálfbærum hætti og vinna gegn auðnamyndun. Stöðva og snúa við landhnignun og stöðva eyðingu líffræðilegrar fjölbreytni“. Hvetur fundurinn íslensk stjórnvöld til að lögfesta samkomulagið og til aðgerða innanlands á þessu sviði.

6. Tillaga

Um lausagöngu búfjár

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands, haldinn á Akureyri, 14. – 16. ágúst 2015, minnir stjórnvöld á nauðsyn þess að setja ríkari skorður við lausagöngu búfjár og að nýta skóggræðslu í stórauðnum mæli sem varanlega aðgerð í landgræðslu.

Greinargerð

Mikilvægasta verkefni Íslendinga á sviði umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar er að snúa við þeirri gróður- og jarðvegseyðingu sem hófst í landinu við landnám, með eyðingu skóga. Í okkar valdi er að snúa þessari þróun við, m.a. með beitarstýringu (stýra beit á landinu) til þess að gróður aukist þar sem hann stendur höllum fæti og að skógar breiðist út. Fundurinn bendir á að landgræðsla á mörgum svæðum landsins verður ekki varanleg nema með tímabundinni friðun og skóggræðslu.

Breyta þarf lögum á þann hátt að vörsluskylda búfjár sé meginregla en lausaganga undantekning. Búfjáreigendur eiga að bera ábyrgð á sínu búfé á því landi sem þeir nýta. Eignarréttur landeigenda sem kæra sig ekki um að gróðurlendi þeirra séu beitt af búsmala annarra skal virtur til jafns við annan eignarrétt.

7. Tillaga

Ráðstefna um niturbindandi tegundir

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands, haldinn á Akureyri 14. – 16. ágúst 2015, ályktar að félagið standi á komandi vetri fyrir ráðstefnu um gildi niturbindandi tegundar fyrir landgræðslu og skógrækt í því skyni að endurheimta þau landgæði sem farið hafa forgörðum frá landnámi og auka fjölbreytta möguleika landnýtingar á Íslandi.

Greinargerð

Niturbindandi tegundir eru eitt verðmætasta tæki til skógræktar og endurhæfingar lands sem hvarvetna líður fyrir viðvarandi niturskort í jarðvegi.

Markmiðið með ráðstefnunni yrði að varpa ljósi á þau fjölbættu áhrif sem niturbindandi tegundir hafa fyrir skógræktar- og landgræðslustarf á Íslandi.

8. Tillaga

Skógræktar- og landgræðslulög

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands, haldinn á Akureyri 14. – 16. ágúst 2015, fagnar því að unnið er að gerð nýrra skógræktar- og landgræðslulaga. Jafnframt fagnar fundurinn þeirri skoðun á sameiningu þess hluta skógræktargeirans sem tilheyrir ríkinu í eina stofnun og endurskoðun á hlutverki og starfssviði þeirrar ríkisstofnunar sem annast landgræðslu. Stjórn Skógræktarfélag Íslands mun fylgjast náið með þeirri vinnu sem framundan er og telur að aðkoma félagsins í mótun nýrrar skógræktar- og landgræðslustefnu sé afar mikilvæg.

Greinargerð

Starfandi er nefnd á vegum umhverfisráðuneytisins sem gera mun tillögur til ráðherra um hvort rétt sé að sameina Skógrækt ríkisins og landshlutaverkefnið í skógrækt í eina stofnun. Verði af slíkri sameiningu má ætla að möguleikar skapist á að efla skógræktarstarfið. Mikilvægt er að þessi breyting nýtist skógræktstarfi í landinu sem best.

Nú er unnið að því gerð nýrra skógræktar- og landgræðslulaga sem gert er ráð fyrir að leggja fram á haustþingi. Það er löngu tímabært. Skógræktarfélag Íslands mun leggja sitt af mörkum til að ný skógræktar- og landgræðslulög verði sem best.

9. Tillaga

Skógrækt sem arðsamur atvinnuvegur

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akureyri 14. – 16. ágúst 2015, hvetur umhverfisráðherra og ríkisstjórn til að vinna áfram að því markmiði að stórefla skógrækt á Íslandi sem arðsaman atvinnuveg. Er þá vísað til þeirrar tillögu til þingsályktunar sem samþykkt var samhljóða á hinu háa Alþingi árið 2014 sem fjallaði m.a. um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar og sameiningu stjórnarsýslueininga. Með vísan til markmiða samþykkrar þingsályktunartillögu og þeirrar afstöðu Alþingis að stórefla beri skógrækt í landinu, samþykkir Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands að beina þeirri áskorun til umhverfisráðherra, ríkisstjórnar Íslands og þingmanna að hlutast til um að veita stórauðni fé til skógræktar, þar sem samhliða er gerð krafa um aukna arðsemi og skilvirgni í greininni.

Greinargerð

Skógræktarfélag Íslands og aðildarfélög þess hafa í áratugi unnið ötullega að eflingu skógræktar í landinu. Þar hafa þúsundir sjálfboðaliða í skógræktarfélögum lagt gjörva hönd á plóg og með áhuga og elju ræktað yndisskóga og breytt töttrum klæddu landi í gróðurvinjar. Með störfum sínum hafa félagar í skógræktarfélögunum þannig lagt ríkulegan grunn að skógarauðlind sem landsmenn geta nú notið til margvíslegrar útivistar og til eflingar almennri lýðheilsu.

Skógræktarfélögin hafa á síðustu áratugum verið stórtækt í nýskógrækt og á síðustu áratugum hafa ennfremur öflugir aðilar gengið til liðs við landshlutaverkefni um stórfellda skógrækt á jörðum sínum. Því má segja að nú hefjist enn einn kafli í íslenskri skógrækt þar sem handan hornsins bíða mögulegar á arðvænlegum og fjölbreyttum skógariðnaði. Þau þáttaskil í skógrækt kalla á öflugan stuðning ríkisvaldsins og er því ánægjulegt að geta vitnað til stefnu núverandi ríkisstjórnar og samþykkrar þingsályktunartillögu þegar lagt er að stjórnvöldum að standa vel að uppbyggingu skógarauðlindar á Íslandi og skapa þannig forsendur fyrir langtímahagvexti í greininni.

Í stefnuskrá núverandi ríkisstjórnar er mikil áhersla lögð á nýsköpun í öllum atvinnugreinum og talið nauðsynlegt að auka framleiðni hér á landi og það talið sem forsenda langtímahagvaxtar að skapa umhverfi sem hvetur til nýsköpunar í starfandi fyrirtækjum, opinberum rekstri og nýjum fyrirtækjum. Þá er ennfremur lögð áhersla á að tryggja að fjárveitingar til rannsókna og þróunarstarfs nýtist sem best og þar leggur ríkisstjórnin áherslu á að samhæfa rekstrargrunna og rekstrarumhverfi ríkisstofnana sem stunda rannsóknir og þróun.